

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Vigfús Þór Hróbjartsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 3. september 2021
UST202108-098/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Uppsaliir úr landi Efra-Langholts - Hrunamannahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 11. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Uppsali úr landi Efra-Langholts í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið gengur út á að skilgreina tíu frístundalóðir í landi Uppsala þar sem heimilt er að reisa sumarhús, gestahús, geymslu og gróðurhús.

Í gildi er deiliskipulag fyrir þrjár frístundalóðir sem er frá árinu 2006. Á uppdrætti skipulagstillögunnar sem nú er til umfjöllunar eru sýndar þrjár lóðir sem nefnast Sunnuholt 1-3.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn dags. 31. maí 2019 varðandi breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert var ráð fyrir stækkun frístundarsvæðis (F16). Í umsögn stofnunarinnar kom fram að samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd (www.serstokvernd.ni.is) er svæðið sem breytingartillagan nær til votlendissvæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Votlendi

Eins og kom fram hér að ofan þá fellur votlendið sem er á skipulagssvæðinu undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Votlendið liggur við jaðar lóða númer 8-10 og hægt er að sjá útbreiðslu þess á korti Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd (www.serstokvernd.ni.is).

Hins vegar er stærsti hluti votlendisins fyrir utan skipulagssvæðið á lóðunum Sunnuholt 1 og 2.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur